

Númer: 49/2018

Dreifibréf til váttryggingafélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 8. október 2018

Tilvísun: 2018100016

Efni: Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 7/2018. Umræðuskjalið inniheldur drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða málsmeðferðarreglur vegna stofnunar félags með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og form og sniðmát fyrir gögn. Um er að ræða tæknilega framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II löggjöfnni. Reglurnar verða settar með stoð í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Með dreifbréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>


Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 22. október 2018. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Anna Mjöll Karlsdóttir



Guðrún Finnborg Þórðardóttir